

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

Mánudaginn 26. mars 2012

Kl: 17:00

Mættir eru:

Soffía Guðmundsdóttir, Harpa Frímannsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir, Edda Herdís Guðmundsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Kristín Björk Eiríksdóttir, Guðrún Vala Davíðsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir

Fjarverandi voru Stefanía Árnadóttir Bjarman og Stephanie Smith.

Leikrit

Dúi og Stemma komu í morgun og vöktu þau mikla lukku. Börnunum var líka hrósað fyrir að vera góðir áhorfendur.

Myndataka

Rætt var um myndatöku og ákveðið að fá tilboð frá tveimur ljósmyndurum Gunnar (í Kópavogi) og Erling (á Seltjarnarnesi). Sigrún tekur það að sér.

Sýning í Hörpunni

Senda tölvupóst á alla foreldra um sýninguna í Hörpunni. Veittur er sérstakur afsláttur fyrir foreldra leikskólabarna helgina 14.- 15 apríl.

Upplýsingagjöf til foreldra

Senda út bréf til að minna fólk á að borga félagsgjöldin og senda í leiðinni hvað er búið að gera í vetur og hvað er framundan.

Tölvukostur á deildunum

Tölvur á elstu deildunum orðnar mjög lélegar. Vantar í raun 5 „nýjar“ tölvur spurning um að senda á foreldra ef einhverjir eru að endurnýja hjá sér eða vinna hjá fyrirtækjum sem eru með afgangs tölvur.

Hausthátíðin

Athuga hvort nemendur Tónlistaskólans eru tilbúnir að koma og spila á hausthátíðinni. Hugmynd hvort foreldrafélagið bjóði uppá eitthvað að drekka á hausthátíðinni. Ákvörðun tekin síðar.

Framundan

Foreldrafélagið borgar aðgangseyrir að Úlfjótuvatni fyrir elstu börnin í útskriftarferð.

Stephanie sendir deildum pening í íssjóð.

Margrét Aðalheiður ætlar að athuga með íþróttálfinn og Sollu sem skemmtiatriði á Sumarhátíðinni.

Athuga/ræða betur um matinn í leikskólanum síðar

Fundi slitið kl: 18:10

Fundaritari:

Magnhildur Magnúsdóttir